



Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótisdalshrepps í Végarði 12. febrúar 2021 kl. 16:00.

Fundarmenn: Eiríkur J. Kjerúlf formaður, Helga H. Vigfúsdóttir, Jón Þór Þorvarðarson og Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi.

1. Höllustaðir. Lóð úr landi Arnheiðarstaða.

Halla Auðunsdóttir og Jón Helgason leggja fram uppdrátt af lóð í landi Arnheiðarstaða. Væntanlegt býli vilja þau nefna Höllustaði og stefna að því að það verði skráð sem lögbýli. Stærð lóðarinnar er 2950 m². Þau sækja um að lóðin verði skráð í Þjóðskrá og fái land- og fasteinanúmer. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir að fela byggingarfulltrúa að skrá lóðina í Þjóðskrá. Við afgreiðslu málsins vék Eiríkur J. Kjerúlf af fundi.

2. Breyting á aðalskipulagi vegna námu og efnistöku úr áreyrum Grjótár.

Landmótun leggur fram breytingu á aðalskipulagi Fljótisdalshrepps vegna námu og efnistöku úr Grjótáreyrum. Umrætt námusvæði er í Þjóðlendu innan Fljótisdalshrepps. Áætluð efnistaka er um eða innan við 10.000 m³, og ætluð til viðgerða á vegaslóðum að veitmannvirkjum Hraunaveitu Kárahnjúkavirkjunar. Við gerð veitunnar á árunum 2012-13 var þarna opin náma sem nýtt var til slóðagerðar inn að Sauðárvatni. Vegslóðinn liggur þarna lagt í landi og að mestu leyti án veigræsa. Hann er því útsettur fyrir úrrennsli sem þarf að lagfæra reglulega. Nefndarmenn telja athugandi að veita námuleyfið til fimm ára með heimild til framlengingar. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti framlagða breytingu á aðalskipulaginu og vísar málinu til sveitarstjórnar til frekari umfjöllunar og eftir atvikum í umbeðið kynningar- og afgreiðsluferli.

3. Brattagerði. Sumarhúsalóð Ásgeirs Eiríkssonar í landi Hrafnkelsstaða.

Ásgeir spyr hvort hann geti byggt náðhúskofa, sem yrði um 10 m² að flatarmáli með WC og sturtu án þess að sækja um byggingarleyfi. Ásgeir er hér væntanlega að vísa í byggingarreglugerð um smáhýsi innan við 15 m² sem eru undanþeginn byggingarleyfi (grein 2.3.5 g-lið. Smáhýsi á lóð). Þau smáhýsi sem þessi undanþága á við eiga vera án vatns- og raflagna. Einnig þarf í þessu tilviki að hafa rotþró fyrir frárennsli frá WC. Undanþágan gerir ekki ráð fyrir að leyfilegt sé að byggja nokkra kofa sem allir eru innan við 15 m² á sömu lóð án byggingarleyfis. Ásgeiri er bent á að leggja uppdrætti fyrir byggingarnefnd af þeim húsakosti sem hann hyggst hafa á lóðinni og sækja um byggingarleyfi fyrir hann.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 18:00.

Fundarritari: Sveinn Þórarinsson. Sign: Eiríkur J. Kjerúlf,
Helga H. Vigfúsdóttir, Jón Þór Þorvarðarson